

Nr. 083 / 12 Aðalbjörg II RE 236***Skipverji slasast í lest***

Skipaskr.nr. 1269
Smíðaður: Hafnarfirði 1972 stál
Stærð: 58,1 brl. 67 bt.
Mesta lengd: 21,93 m Skráð lengd: 19,63 m
Breidd: 4,8 m Dýpt: 2,45 m
Vél: Caterpillar 339 kW 1998
Fjöldi skipverja: 5

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Aðalbjörg II ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 29. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. júní 2012 var Aðalbjörg II RE 236 við bryggju í Þorlákshöfn.

Skipverjar voru að landa en þegar verið var að hífa kör til og undir lúguna skulu þau í önnur kör og lenti fótur eins þeirra á milli með þeim afleiðingum að hann bólgnadi mikið og hlaut fleiri áverka.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var í öryggisstígvélum með stáltá og taldi hann það hafa komið í veg fyrir að hann brotnaði;
- að búið var að hífa upp nokkur kör undan lúguopinu og myndaðist því geil í karastæðuna sem tveir skipverjar unnu í. Annar húkkaði í tveggja kara stæðu og gaf merki um að hífa til að draga hana undir lúguopið. En þegar tók í vírinn rann stæðan aftur og stöðvaðist á körum undir afturkanti lúgunnar;
- að hinn skipverjinn stóð í geilinni til hliðar við aftari körin og var að tína upp kola sem fallið höfðu á lestargólfið. Hann sagðist ekki hafa orðið var við þegar beðið var um að hífa í körin en talið sig hafa staðið fríann af þeim. Hann sagðist ekki gera sér grein fyrir hvort fóturinn hafi verið fyrir framan aftara karið eða til hliðar við það en hann hafi orðið á milli;
- að spilmaður sagðist ekki hafa séð að fótur slasaða væri í hættu áður en hann hífði í til að draga heisið aftur eftir lestargólfinu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.